



Vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði árið 2022

Labour force in the Icelandic labour market 2022

Samantekt

Árið 2022 voru að jafnaði um 217.600 manns á vinnumarkaði samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn. Af þeim voru rúmlega 209.400 starfandi og um 8.100 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka mældist 80,1%, hlutfall starfandi af mannfjölda 77,1% og atvinnuleysi var 3,7%. Atvinnulausum fækkaði um rúm 4.300 frá árinu 2021 og atvinnuleysið dróst saman um 2,2 prósentustig á milli ára. Atvinnuleysi á meðal kvenna var 3,4% að jafnaði og meðal karla var það 4,0%. Árið 2022 var atvinnuleysi að jafnaði 4,3% í Reykjavík, 3,6% í nágrenni Reykjavíkur og 3,4% utan höfuðborgarsvæðisins.

Áætlað er að af öllum starfandi hafi konur verið að jafnaði um 97.100 allt árið 2022 og karlar um 112.400. Ekki var nægjanlegur fjöldi í úrtaki vinnumarkaðsrannsóknar til þess að greina frekar fjölda kynsegin/annað en samkvæmt talningu úr staðgreiðslugögnum voru 55 kynsegin/annað samkvæmt þjóðskrá starfandi að jafnaði árið 2022.

Heildarvinnustundir þeirra sem voru við vinnu í viðmiðunaryrkunni voru að meðaltali 36,5 klukkustundir á viku árið 2022. Heildarvinnustundir kvenna á viku voru 32,6 klukkustundir og karla 39,7 klukkustundir. Fólk utan höfuðborgarsvæðisins vinnur að jafnaði fleiri vinnustundir á viku en þeir búa á höfuðborgarsvæðinu. Meðalfjöldi vinnustunda fólks í Reykjavík árið 2022 voru 34,9 klukkustundir, hjá íbúum nágrennis Reykjavíkur voru stundirnar að jafnaði 35,7 en íbúar utan höfuðborgarsvæðisins unnu að jafnaði 38,5 klukkustundir.

Próun menntunar og starfandi var skoðað yfir 20 ára tímabil þar sem sjá má meðal annars að háskólamenntuðum á vinnumarkaði fjölgað mjög eða úr 24,2% í 39,7% allra starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Frá árinu 2003 hefur háskólamenntuðum á vinnumarkaði fjölgað mjög eða úr 24,2% í 39,7% allra starfandi á íslenskum vinnumarkaði samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn. Þá hefur hlutfall starfandi innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði hefur fjórfaldast frá árinu 2003, úr 5,1% af öllum starfandi í 20,6% árið 2022 samkvæmt staðgreiðslugögnum.

Inngangur

Árið 2022 var tuttugasta ár samfelldrar vinnumarkaðsrannsóknar (VMR) Hagstofu Íslands, þar sem fólk er spurt um stöðu gagnvart vinnumarkaði allt árið um kring. VMR er hluti af alþjóðlegri gagnasöfnun evrópska hagskýrslusamstarfsins sem er samhæfð af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat). Rannsókninni er ætlað að safna upplýsingum um framboð vinnuafls og skipulag vinnumarkaðarins til skemmri tíma. Áhersla er lögð á samræmdar aðferðir við gagnasöfnun og úrvinnslu á milli Evrópulanda þar sem markmiðið er að tryggja samanburðarhæfar niðurstöður á milli þeirra landa sem taka þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu. Saga VMR nær þó enn lengra aftur en til ársins 2003 en árið 1991 hóf Hagstofan reglubundnar rannsóknir á íslensku vinnuafli vegna skorts á haldbærum og greinargóðum gögnum um íslenskan vinnumarkað. Markmið VMR hefur frá upphafi verið að gefa sem ítarlegastar upplýsingar um íslenskan vinnumarkað; atvinnuþátttöku, störf, atvinnugreinar, atvinnuleysi, vinnutíma og aðra þætti sem hægt er að greina eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og fleiri þáttum.



Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar yfir 20 ára tímabil hennar koma í ljós áhugaverðar breytingar og þróun á íslenskum vinnumarkaði og samfélaginu sem tæpt verður á í þessum hagtíðindum.

Vinnuafli

Árið 2022 voru að jafnaði 217.600 manns á aldrinum 16 til 74 ára á íslenskum vinnumarkaði, sem jafngildir 80,1% atvinnuþátttöku. Fjöldi kvenna á vinnumarkaði var um 100.500 (46,2%) og karlar voru um 117.100 (53,8%). Atvinnuþátttaka kvenna var því 76,7% og karla 83,2%. Samanburður á milli ára 2021 og 2022 sýnir að vinnuafli fjölgaði um 9.100 manns og atvinnuþátttaka jókst um 1,3 prósentustig.


Eins og sjá má á myndum 1 og 2 hefur atvinnuþátttaka á Íslandi verið nokkuð stöðug eða í kringum 80% frá árinu 2003. Það sýnir að fjölgun fólks á vinnumarkaði hefur haldið nokkuð vel í mannfjöldapróun á sama tímabili en á síðustu 20 árum hefur vinnuaflinu fjölgað um rétt tæp 59.000 manns.

Á vinnumarkaði eða til vinnuaflsins teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir. Atvinnuþátttaka er hlutfall starfandi og atvinnulausra (vinnuafli) af mannfjölda.




Atvinnuþátttaka eftir aldri og samanburður við önnur lönd


Frá árinu 2003, þegar samfellda Vinnumarkaðsrannsóknin hófst, hefur atvinnuþátttaka á Íslandi alltaf verið mest í aldurshópnum 25-54 ára eða 88,7% að meðaltali. Í alþjóðlegum samanburði telst það nokkuð hátt hlutfall eða fimm prósentustigum hærra en meðaltal þjóða Evrópusambandsins árin 2003 til 2021. Ísland er ekki á ósvipuðum slóðum og Svíþjóð en sveiflur eru merkjanlega meiri hér á landi en þar hvað varðar þátttöku fólks á vinnumarkaði.



Sömu sögu má raunar segja um bæði aldurshópina 16-24 ára og 55-74 ára en atvinnuþátttaka þessara hópa er með því hæsta á meðal annarra Evrópuþjóða. En eins og sjá má af mynd 4 er atvinnuþátttaka fólks á aldrinum 65-74 ára jafnan á bilinu 30 – 40% á Íslandi en til dæmis alltaf undir 10% í núverandi 27 löndum Evrópusambandsins.




Árið 2022 var atvinnuþátttaka 89,6% á meðal fólks á aldrinum 25-54 ára á íslenskum vinnumarkaði. Á meðal 16-24 ára var hún 77,7% og á meðal 55-74 ára var atvinnuþátttakan 62,0%.




Atvinnuþátttaka eftir kyni og aldri

Þegar bæði kyn og aldurshópar eru teknir saman kemur í ljós að atvinnuþátttaka karla á aldrinum 25-74 ára er almennt nokkru meiri en atvinnuþátttaka annarra hópa eða um 86,0% að jafnaði. Lítillega hefur þó dregið úr þátttöku þessa hóps en árið 2003 var hlutfallið 87,1% en var 84,5% árið 2022. Á síðastliðnum 20 árum hefur atvinnuþátttaka kvenna á aldrinum 25-74 ára verið um tíu prósentustigum lægri að jafnaði en hjá sama aldurshópi karla. Árið 2022 var atvinnuþátttaka kvenna í þessum aldurshópi 76,2%. Fólk á aldrinum 16-24 ára hefur oftast ekki verið á mjög svipuðum slóðum hvað varðar atvinnuþátttöku og eldri konur en sveiflur í atvinnuþátttöku hjá yngri hópunum 16-24 ára eru nokkuð meiri.




Atvinnuþátttaka eftir menntun


Síðustu 20 árin hefur atvinnuþátttaka verið mest á meðal fólks sem hefur lokið háskólamenntun eða 89,0% árið 2022. Hjá þeim sem höfðu lokið starfs- eða framhaldsmenntun var atvinnuþátttakan 79,6% og hjá þeim sem höfðu lokið grunnenntun eða minna var atvinnuþátttakan 69,7%.



Utan vinnumarkaðar


Árið 2022 voru að jafnaði 54.100 manns á aldrinum 16 til 74 ára utan vinnumarkaðar sem jafngildir 19,9% alls mannfjöldans. Fjöldi kvenna utan vinnumarkaðar var um 30.500 eða 23,3% af öllum konum og fjöldi karla utan vinnumarkaðar var um 23.600 eða 16,8%. Samanburður á milli ára 2021 og 2022 sýnir að dregið hefur úr fjölda fólks sem stendur utan vinnumarkaðar eða 1,3 prósentustig. Konum fækkaði um 1.300 og körlum um tæplega 700.





Mögulegt vinnuafli

Hópurinn sem stendur utan vinnumarkaðar er fjölbreyttur og má skoða hann með ýmsum hætti. Ein leið er að draga út þá sem eru á mörkum þess að teljast til vinnuaflsins sem hér er kallað mögulegt vinnuafli. Mögulegt vinnuafli eru þeir einstaklingar sem eru annað hvort að leita að vinnu og eru ekki tilbúnir til þess að byrja að vinna eða eru tilbúnir til að byrja að vinna en eru ekki að leita að vinnu. Árið 2022 voru um 7.100 manns að jafnaði í þessum hóp sem er 13,1% af þeim sem standa utan vinnumarkaðar samanborið við um 9.300 manns árið 2021 eða 16,5%.




Starfandi fólk


Fjöldi starfandi fólks árið 2022 var að jafnaði 209.400. Hlutfall starfandi af mannfjölda var 77,1%. Starfandi konur voru 97.100, sem jafngildir 74,1% allra kvenna á aldrinum 16-74 ára, og karlar voru um 112.400 eða 79,9% allra karla. Á milli áráanna 2021 og 2022 fjölgaði starfandi fólki úr 195.900 í 209.400 eða um 6,9%. Starfandi konum fjölgaði um 7.100 eða um 7,9% og körlum fjölgaði um 6.400 eða um 6,0%.

Fólk telst vera starfandi í VMR ef það hefur unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarviku könnunar eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu. Einstaklingur í fæðingarorlofi telst fjarverandi frá vinnu hafi hann farið í leyfi úr launuðu starfi jafnvel þótt hann hafi ekki hug á því að hverfa aftur til sama starfs.

Ekki er hægt að gera greiningu í VMR á þeim sem skráðir eru kynsegin/annað í þjóðskrá vegna eðlis rannsóknarinnar. Í staðgreiðslugögnum má þó finna áhugaverðar upplýsingar sem tengjast breyttri skrásetningu á kyni í þjóðskrá. Frá 6. janúar 2021 hefur fólk getað óskað eftir hlutlausri skráningu kyns í skránni og verða þá skráðir sem „kynsegin/annað“.¹ Árið 2022 voru 55 kynsegin/annað² af þeim 203.100 einstaklingum sem að jafnaði eru starfandi samkvæmt staðgreiðslugögnum. Af þeim voru 9 kynsegin/annað sem teljast til innflytjenda eða 16,4%. Þar sem lög um kynrænt sjálfræði eru tiltölulega ný tilkomin var fjöldi skráningunni ólíkur í upphafi ársins 2022 en hann var í lok ársins 2022. Samkvæmt þjóðskrá þá voru 72 kynsegin/annað á aldrinum 16 til 74 ára skráðir í janúar 2022 en voru 130 í lok ársins 2022.




¹ Sjá lög um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019




Starfandi eftir aldri

Líkt og með atvinnuþátttöku er hlutfall starfandi alltaf hæst meðal þeirra sem eru í aldurshópnum 25–54 ára og var 86,7% árið 2022. Hlutfall starfandi í hópnum 55–74 ára var 60,8% og breytist tiltölulega lítið á milli ára. Hlutfall starfandi á meðal yngsta aldurshópsins hefur verið mest flöktandi frá árinu 2003 og sést nokkuð vel hvernig almennt ástand í þjóðfélaginu hvert sinn hefur áhrif á þann hóp. Árið 2022 var hlutfall starfandi í þeim hópi 71,2% og hafði hækkað um 5,6 prósentustig á milli ára.




Starfandi eftir búsetu

Fjöldi starfandi fólks í Reykjavík árið 2022 var 73.700 manns eða 77,4% af íbúum 16-74 ára. Af íbúum í nágrenni Reykjavíkur (Kraganum) var fjöldi starfandi 58.600, eða 78,3%, og um 77.100, eða 75,9%, af íbúum utan höfuðborgarsvæðisins voru að jafnaði starfandi árið 2022. Almennt má segja að frá árinu 2003 hafi hlutfall starfandi verið nokkuð svipað hjá þeim sem búa í Reykjavík, nágrenni Reykjavíkur eða utan höfuðborgarsvæðisins. Samanburður á milli árána 2021 og 2022 sýnir að hlutfallið í Reykjavík jókst um 2,9 prósentustig, í nágrenni Reykjavíkur jókst það um þrjú prósentustig og utan höfuðborgarsvæðisins um 3,2 prósentustig.





Starfandi eftir menntun

Þegar þróun menntunar og starfandi yfir tímabilið 2003 til 2022 er skoðað kemur margt áhugavert í ljós. Fyrst má nefna að þegar hlutfall starfandi er skoðað eftir menntun þá má sjá sömu sögu allt tímabilið. Hlutfall starfandi á meðal þeirra sem lokið hafa háskólamenntun er alltaf hæst og árið 2022 var hlutfallið 86,8% samanborið við 84,5% árið 2021 og 90,6% árið 2003. Á meðal þeirra sem höfðu lokið starfs- eða framhaldsmenntun var hlutfallið 77,1% árið 2022 samanborið við 74,6% árið 2021. Hlutfall starfandi var lægst hjá þeim sem höfðu lokið grunnskólamenntun eða minna eða 65,2% árið 2022 samanborið við 60,4% árið 2021.



Þegar fjöldi starfandi eftir menntun er skoðaður kemur í ljós að síðustu 20 árin hefur fjöldi starfandi fólks sem ekki hefur lokið öðru námi en grunnenntun fækkað sem er öfugt við þá sem hafa lokið meira námi. Hjá háskólamenntuðum er fjölgunin mest áberandi. Árið 2003 voru um 37.600 manns starfandi sem höfðu lokið háskólamenntun eða 24,2% allra starfandi. Árið 2022 var fjöldi háskólamenntaðra kominn í 83.100 manns eða 39,7% allra starfandi. Fjöldi og hlutfall þeirra sem lokið hafa starfs- eða framhaldsmenntun árið 2003 var 57.400 eða 37,4%. Árið 2022 taldi sá hópur 75.600 manns eða 36,1% af öllum starfandi. Þrátt fyrir þó nokkra fjölgun í hópnum þá nær hlutfallið rétt svo að halda í við meðaltal síðustu 20 ára.



Á tímabilinu 2003 til 2008 var fjöldi þeirra sem lokið hafði starfs- eða framhaldsmenntun jafn stór hópnum sem lokið hafði grunnenntun. Frá árinu 2009 hefur hins vegar dregið úr fjölda þeirra sem eru með grunnenntun á vinnumarkaði og var fjöldi þeirra 50.800 árið 2022 en á sama tíma fjölgaði nokkuð í hópi þeirra sem lokið höfðu starfs- eða framhaldsmenntun.



Starfshlutfall


Á tímabilinu 2003 til 2022 hefur hlutfall fólks í fullu starfi verið að jafnaði 76,6%. Hæst fór hlutfallið í 78,9% árið 2008 og lægst í 74,7% tveimur árum síðar eða árið 2010. Árið 2022 var hlutfall fólks í fullu starfi 75,5% sem er litlu hærra en það var árið 2021 þegar það var 75,2%.

Af starfandi fólki árið 2022 voru að meðaltali 158.100 í fullu starfi eða 75,5% og 51.300 í hlutastarfi eða 24,5%. Konur í fullu starfi voru 62.800 eða 64,7% af öllum starfandi konum og karlar í fullu starfi voru 95.300 eða 84,8% af starfandi körlum. Samanburður á milli ára sýnir að starfandi í fullu starfi fjölgaði um 10.600 frá árinu 2021 og fólki í hlutastörfum fjölgaði um 2.800. Konur í fullu starfi voru 63,1% árið 2021 og karlar voru 85,6%.




Aldurshópar og starfshlutfall

Rétt eins og fyrri ár var hlutfall starfandi í fullu starfi árið 2022 hæst í aldurshópnum 25-54 ára eða 82,4%. Hlutfallið í aldurshópnum 55-74 ára var 72,6% og 48,9% í aldurshópnum 16-24 ára.




Búseta og starfshlutfall

Árið 2022 var hlutfall þeirra sem voru í fullu starfi hæst hjá þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins eða 76,5%. Hlutfall þeirra sem búa í nágrenni Reykjavíkur var litlu lægra eða 76,2% og lægst var það á meðal íbúa Reykjavíkur eða 73,9%. Ef öll árin 20 eru tekin saman þá sést vart munur þessum hlutföllum þegar kemur að búsetu fólks. Meðaltal allra árána fyrir öll búsetusvæði var á bilinu 76,5% til 76,7%.




Menntun og starfshlutfall


Hlutfall þeirra sem eru með háskólamenntun og voru í fullu starfi árið 2022 var 80,1%. Hjá þeim sem hafa lokið starfs- eða framhaldsmenntun var hlutfallið 74,7% og lægst var það hjá þeim sem lokið hafa grunntmenntun eða 69,0%.



Launafólk

Í VMR er starfandi fólki skipt eftir stöðu í starfi, hvort það sé launafólk eða sjálfstætt starfandi. Langstærsti hluti starfandi fólks er launafólk en árið 2022 var fjöldi launafólks 183.700 eða 87,7% af öllum starfandi. Í gegnum tíðina þá hefur hlutfallið aukist lítillega en árið 2003 var það 85,4%. Eins og með mörg önnur atriði þegar kemur að vinnumarkaði er breytileiki eftir kynjum hvað þetta varðar. Hlutfall kvenna af launafólki er alltaf hærra en hlutfall karla eða 91,8% árið 2022 á móti 84,2%. Síðustu 20 ára hefur hlutfall kvenna aldrei farið undir 91,0% og hlutfall karla aldrei farið yfir 84,6%.







Starfandi eftir uppruna

Sá hópur sem einna erfiðast hefur verið að fjalla um í niðurstöðum VMR eru innflytjendur¹ en frá upphafi hefur sá hópur verið verulega vanmetinn í niðurstöðum rannsóknarinnar. Svarhlutfall eftir uppruna sýnir það svo ekki verður um villst. Hlutfall innflytjenda af mannfjölda hefur aukist verulega síðustu ár en á sama tíma hefur svarhlutfall hópsins í VMR (og reyndar öðrum úrtaksrannsóknnum Hagstofunnar) dregist verulega saman. Árið 2003 voru 683 innflytjendur í endanlegu úrtaki rannsóknarinnar eða 4,5% og 408 eða 3,2% af gildum svörum. Í samanburði við árið 2022 voru innflytjendur 3.737 í úrtaki eða 19,1% og 943 eða 8,2% af gildum svörum. Rétt er að árétta að VMR gefur áreiðanlegar niðurstöður um heildina eða hópa eins og kyn, aldur, búsetu eða menntun. Hins vegar hentar rannsóknin ein og sér verr til greininga á innflytjendum á vinnumarkaði og hætt við að niðurstöður gefi ekki rétta mynd. Hagstofu Íslands vinnur að úrbótum á þessu vandamáli.

Á myndum 25 og 26 má sjá upplýsingar um þá sem teljast starfandi samkvæmt staðgreiðslugögnum Hagstofunnar á aldrinum 16 til 74 ára með lögheimili á Íslandi. Árið 2003 voru innflytjendur 5,1% af öllum starfandi og árið 2022 voru þeir 20,6%.



Hlutfall karla og kvenna af starfandi innflytjendum virðist nokkuð háð stöðu efnahagslífsins hér á landi. Árið 2003 voru konur 53,8% starfandi innflytjenda á Íslandi en á næstu árum dró talsvert úr því hlutfalli án þess þó að dregið hafi úr fjölda þeirra. Frá árinu 2009 til og með árinu 2014 voru konur alltaf nokkru fleiri á meðal starfandi innflytjenda en karlar. Frá árinu 2015 hafa karlar þó verið ívið fleiri en konur í þessum hópi og frá árinu 2016 hafa þeir verið að jafnaði tíu prósentustigum fleiri en konur.

¹ Innflytjandi er einstaklingur með lögheimili á Íslandi sem er fæddur erlendis og á foreldra, afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis.




Atvinnuleysi

Að jafnaði voru um 8.100 manns án vinnu og í atvinnuleit árið 2022 eða 3,7% vinnuaflsins. Um er að ræða töluverða lækkun miðað við árin 2020 og 2021 en atvinnulausum fækkaði á milli ára um 4.300 manns og hlutfall þeirra af vinnuafli lækkaði um 2,3 prósentustig. Atvinnuleysi á meðal kvenna árið 2022 var 3,4% samanborið við 6,4% árið 2021. Á meðal karla var atvinnuleysið 4,0% miðað við 5,6% árið á undan.




Aldur og atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur alltaf mælst langhæst hjá aldurshópnum 16-24 ára og árið 2022 var engin breyting þar á en þá mældist það 8,4% að jafnaði. Verulega hafði þó dregið úr atvinnuleysi frá því á árunum 2020 og 2021 þegar það mældist 11,9%. Hjá aldurshópnum 25-54 ára, sem er stærsti hópurinn, mældist atvinnuleysið að meðaltali 3,2% árið 2022. Til samanburðar var atvinnuleysi 5,5% árið 2021. Aldurshópurinn 55-74 ára hefur nánast alltaf mælst með minnst atvinnuleysi frá árinu 2003, árið 2022 var það 2,0% og hafði lækkað frá árinu áður úr 3,6%. Helstu ástæður þessara sveiflna hjá yngsta hópnum eru þær að sá hópur er bæði laustengdari vinnumarkaði en eldri hópar og sú staðreynd að á vormánuðum streyma námsmenn á vinnumarkaðinn í leit að sumarvinnu og/eða framtíðarstarfi. Sveiflur innan ársins eru áberandi meiri hjá yngsta hópnum og má vel sjá þess merki í mánaðar- og ársfjórðungstölum VMR sem finna má á vef Hagstofunnar. Hvað varðar elsta hópinn þá eru þeir sem missa vinnu í þeim hóp líklegri en aðrir til þess að fara út af vinnumarkaði og mælast þá ekki í atvinnuleysistöllum.




Búseta og atvinnuleysi

Atvinnuleysi mælist að jafnaði hærra á ársgrundvelli á meðal íbúa Reykjavíkur samanborið við þá sem búa í nágrenni Reykjavíkur og utan höfuðborgarsvæðisins. Atvinnuleysi mælist að jafnaði minnst hjá fólki sem býr í nágrenni Reykjavíkur. Árið 2022 var atvinnuleysi í Reykjavík 4,3% að jafnaði. Í nágrenni Reykjavíkur var atvinnuleysið 3,6% og utan höfuðborgarsvæðisins var það 3,4%. Samanborið við 2021 var atvinnuleysi í Reykjavík 6,2%, í nágrenni Reykjavíkur 6,1% og 5,7% utan höfuðborgarsvæðisins.




Menntun og atvinnuleysi

Árið 2022 mældist atvinnuleysi minnst hjá þeim sem lokið hafa háskólamenntun, eða 2,4%. Atvinnuleysi meðal þeirra sem lokið hafa starfs- eða framhaldsmenntun var 3,2% og 6,5% meðal þeirra sem aðeins hafa lokið grunntun. Öll menntunarsstig eiga það sameiginlegt að atvinnuleysi dróst nokkuð saman á milli árána 2021 og 2022 eftir nokkuð mikið atvinnuleysi á tímum kórónuveirufaraldursins.





Vinnustundir

Þegar lítið er á þróun vinnustunda fólks frá árinu 2003 til 2022 er ljóst að þeim hefur fækkað allnokkuð. Árið 2003 voru heildarvinnustundir 41,7 að jafnaði. Meðalfjöldi vinnustunda í aðalstarfi voru 40,5 klukkustundir og í aukastarfi voru þær 14,9. Árið 2022 voru heildarvinnustundir fólks að jafnaði 36,5 klukkustundir. Í aðalstarfi voru klukkustundirnar 35,5 að jafnaði og í aukastarfi voru þær 13,1. Hér má benda á að á milli árunna 2008 og 2009 dró einnig úr vinnustundum fólks, en líkur eru á því að efnahagshrunið 2008 hafi haft talsverð áhrif á þá lækkun, sem aftur hafði mögulega áhrif á almenna umræðu um vinnutíma og jafnvægi á milli vinnu og einkalífs fólks. Lækkunin árið 2020 má trúlega bæði rekja til kjarasamninga sumra aðila á vinnumarkaðnum og einnig til þess að á sama tíma komu aðgerðir vegna kórónuveirufaraldursins sem takmörkuðu að einhverju leyti vinnu ákveðinna hópa á vinnumarkaði.




Vinnustundir eftir kyni

Árið 2022 var meðalfjöldi heildarvinnustunda á viku 32,6 klukkustundir hjá konum og 39,7 hjá körlum. Ef vinnustundir karla og kvenna eru bornar saman við vinnustundir ársins 2021 hafa heildarvinnustundir kvenna styst um 12 mínútur að jafnaði en 30 mínútur hjá körlum. Ef litið er til ársins 2019 þá hafa heildarvinnustundir kvenna styst um 2 klukkustundir og 54 mínútur og vinnustundir karla 3 klukkustundir og 16 mínútur.



Vinnustundir eftir búsetu

Munur á vinnustundum þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og vinnustundum þeirra sem búa utan þess er vel greinanlegur. Fólki sem býr utan höfuðborgarsvæðisins hefur að jafnaði unnið um 3 klukkustundum og 13 mínútum lengri vinnuviku en þeir búa á höfuðborgarsvæðinu í heild. Meðalfjöldi vinnustunda fólks í Reykjavík árið 2022 voru 34,9 klukkustundir, hjá íbúum nágrennis Reykjavíkur voru stundirnar 35,7 að jafnaði en íbúar utan höfuðborgarsvæðisins unnu 38,5 klukkustundir að jafnaði.



Um gögnin

Hagstofa Íslands fylgir alþjóðlegum skilgreiningum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO) þar á meðal um atvinnuþátttöku (starfandi og atvinnuleysi). Einnig er tilmælum og aðferðum Eurostat fylgt varðandi framkvæmd rannsóknarinnar. Helstu skilgreiningar á grundvallarhugtökum rannsóknarinnar eru eftirfarandi:

Vinnuafli: Til vinnuaflsins eða veru á vinnumarkaði teljast þeir sem uppfylla skilyrði þess að vera annað hvort starfandi eða atvinnulausir.

Starfandi: Hvers konar vinna gegn endurgjaldi í peningum eða fríðu, ólaunuð vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, ólaunuð vinna við byggingu eigin íbúðarhúsnæðis eða framleiðslu til eigin neyslu. Enn fremur vinna við listsköpun jafnvel þótt viðkomandi hafi ekki tekjur af henni. Ólaunuð vinna við heimilishald á eigin heimili telst ekki vera atvinna. Fólk telst því vera starfandi ef það hefur unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarviku rannsóknar eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu.

Atvinnuleysi: Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku rannsóknarinnar, þ.e. höfðu ekki atvinnu né voru við vinnu (í eina klukkustund eða lengur) hvorki sem launafólk eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast sem atvinnulausir ef þeir uppfylla þessi skilyrði.

Utan vinnumarkaðar: Utan vinnuafls (óvirkir á vinnumarkaði) teljast þeir einstaklingar sem ekki uppfylla framagreiðing skilyrði, það er að segja hafa ekki vinnu og eru ekki að leita að vinnu eða tilbúnir til þess að vinna innan ákveðins tíma.

Frá árinu 2003 hefur VMR verið framkvæmd samfelld allar vikur allt árið í kring og er hún nú stærsta úrtaksrannsókn Hagstofu Íslands, sem dregin er úr þjóðskrá. Í hverjum ársfjórðungi eru um 5.000 manns í úrtaki. Hverjum ársfjórðungi er skipt upp í 13 vikna tímabil og úrtakinu skipt jafnt niður á allar 13 vikurnar. Þýði vinnumarkaðsrannsóknar eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16-74 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eiga lögheimili og eru búsettir á Íslandi í viðmiðunarviku rannsóknarinnar. Úrtakið er valið með einfaldri slembiúrtöku. Gagna er aflað með símaviðtölum við þátttakendur þar sem hver og einn er spurður um vinnutengda hegðun og viðhorf í viðmiðunarviku rannsóknarinnar. Auk þessa er lýðfræðilegra gagna aflað úr þjóðskrá. Öllum í úrtaki er frjálst að neita að taka þátt í rannsókninni. Úrtakinu er raðað í bylgjur þannig að haft er samand fimm sinnum við hvern einstakling í úrtakinu. Er þetta gert til þess að létta svarbyrði því aðferðin býður upp á að hægt er að nýta fyrri svör hafi aðstæður lítið eða ekkert breyst hjá svarenda varðandi ákveðnar staðreyndaspurningar.

Þegar frá eru taldir þeir sem voru látnir eða búsettir erlendis voru á árinu 2022 voru 10.735 einstaklingar eða 19.597 stök í nettó úrtaki rannsóknarinnar. Einstaklingar geta lent allt að þrisvar sinnum í rannsókninni yfir árið en aldrei í sama mánuði né ársfjórðungi. Alltaf er þó lítið svo á að hver rannsókn (mánuður, ársfjórðungur eða ár) sé í raun sérstök rannsókn (e. cross-sectional). Svarhlutfall í rannsókninni er reiknað út frá hverju staki og fengust 11.482 nothæf svör sem jafngildir 58,6% af endanlegri svörum.

Könnunin er því stór úrtaksrannsókn á íslenskan mælikvarða en frá upphafi samfelldu VMR árið 2003 má áætla að heildarfjöldi einstaklinga í úrtakinu sé nálægt 77 þúsund manns. Alls hefur því verið óskað þátttöku þessara einstaklinga í um tæplega 327 þúsund skipti og fjöldi svara frá þeim sem tekið hafa þátt er rúmlega 245 þúsund.

Nánar um brottfall og svarhlutfall

Þátttaka í úrtaksrannsóknnum hefur minnkað verulega á undanförunum áratugum. Þetta hefur skapað áskoranir við að draga úr þeim bjaga sem hlýst af ójöfnu svarhlutfalli hjá hópum sem lenda í úrtaki.

Áhyggjur af brottfalli og svarhlutfalli í úrtaksrannsóknnum eru alls ekki nýjar af nálinni og hafa í raun fylgt úrtaksrannsóknnum alveg frá upphafi þeirra. Ástæða þess að brottfall er áhyggjuefni í úrtaksrannsóknnum snýr helst að því að aukið brottfall orsaki ónákvæmni í niðurstöðunum. Vegna þess að færri svör leiða til stærri staðalvillu, víðari öryggisbila og mögulega kerfisbundinnar skekkju, það er segja bjaga. Með öðrum orðum minnkar alhæfingagildi rannsókar með auknu brottfalli. Í upphafi árs 2021 voru nýjar aðferðir í úrvinnslu Vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands (VMR) teknar notkun. Var það gert með það fyrir augum að draga úr bjaga í niðurstöðum vegna brottfalls í rannsókninni og reikna nákvæmara og stöðugra mat á mannfjölda. Þegar vísað er í brottfall er átt við þá einstaklinga sem lenda í þýðisúrtaki rannsóknar hverju sinni en taka ekki þátt af einhverjum ástæðum.

Allt frá árinu 2016 hafa verið vísbendingar um brottfallsbjaga í niðurstöðum VMR. Samanburður við önnur gagnasöfn, á borð við staðgreiðslugögn og menntunargögn, styðja við þær vísbendingar. Ástæður slíks brottfallsbjaga eru margþættar. Líklega snúa flestar að því að erfitt er að safna svörum frá ákveðnum hópum í gegnum síma. Sem dæmi virðist ungt fólk ólíklegra til að svara símtölum úr ókunnugu símanúmeri og mjög erfitt hefur verið að hafa upp á símanúmerum erlendra ríkisborgara sem búsettir eru á Íslandi. Einnig hefur handvirk símanúmeraleit Hagstofunnar skilað betri árangri fyrir þá sem eru starfandi heldur en þá sem eru óvirkir á vinnumarkaði eða atvinnulausir sem aftur getur ýtt undir bjaga.

English summary



On average, there were 227,600 people in the Icelandic labour market in the year 2022. Of those, around 209,400 were employed and around 8,100 unemployed and looking for a job. The activity rate was 80.1%, the employment rate 77.1% and the unemployment rate 3.7%. The number of unemployed decreased by just over 4,300 from 2021 and the unemployment rate decreased by 2.2 percentage points between years. Unemployment rate among women was 3.4% on average and among men 4.0%. In 2022 the unemployment rate was on average 4.3% in Reykjavik, 3.6% in the vicinity of Reykjavik and 3.4% outside the Capital region.

According to the Icelandic Labour Force Survey (IS-LFS) it is estimated that there were 97,100 women and 112,400 men employed on average in 2022. Analysis of non-binary individuals is not possible with the data collected in the IS-LFS but 55 non-binary individuals, according to registration, were employed on average in 2022 according to register-based data.

In 2022 the total hours worked in the reference week were on average 36.5 hours per week. The total working hours for women were 32.6 on average and 39.7 for men. People in other regions worked on average more hours per week than those living in the Capital region. The average working hours for people in Reykjavik in 2022 was 35.7 hours, the average was 35.4 hours for people living in the vicinity of Reykjavik and 38.5 hours for people outside the Capital region.

Interesting trends can be seen when looking at the development of the level of education of employed persons over the period of 2003 to 2022. Employed people with university degree has increased from 24.2% in 2003 to 39.7% in 2022.

Immigrants as a group are rather difficult to cover with data from the IS-LFS. Their response rate has been very low for a long time and the results are a significant underestimation of their number in weighted numbers. At the same time the response rate for immigrants has decreased, their percentage of the population has increased significantly. Other source was therefore used to show their number in the Icelandic labour market. It was done by looking at data from Pay as You Earn for persons aged between 16 and 74 years with legal residence in Iceland. It was done for the entire period from 2003 to 2022. According to that analysis, the percentage of working immigrants in the Icelandic labour market has quadrupled from 2003 to 2022, from 5.1% of all in employment to 20.6%.











Figure 9
Inactive by sex 2003-2022
% of population




Figure 10
Inactive 16-74 years old 2003-2022
Potential additional labour force and others inactive




Figure 11
Inemployment and population (16-74 years) 2003-2022
Estimated number




Figure 12
Employment rate 2003-2020
% of population




Figure 15
Employment rate by education levels 2003-2022
% of population




Figure 16
In employment by education levels 2003-2022
Estimated number




Figure 17
Employment by education levels 2003-2022
 % of employed




Figure 18
Full-time employment 2003-2022
 Estimated number and % of employed




Figure 19
Full-time employment by sex 2003-2022
 % of employed




Figure 20
Full-time employment by age groups 2003-2022
 % of employed




Figure 21
Full-time employment by regions 2003-2022
 % of employed




Figure 22
Full-time employment by educational levels 2003-2022
 % of employed




Figure 23
Employees 2003-2022
 Estimated number and % of employed




Figure 24
Employees by sex 2003-2022
 % of employed




Figure 25
Employment by origin 2003-2022
 % of employed in Pay As You Earn (PAYE)




Figure 26
Employment by origin and sex 2003-2022
 % of immigrants




Figure 27
Unemployment 2003-2022
 Estimated number and % of labour force




Figure 28
Unemployment rate by sex 2003-2022
 % of labour force




Figure 29
Unemployment rate by age groups 2003-2022
% of labour force




Figure 30
Unemployment rate by regions 2003-2022
% of labour force




Figure 31
Unemployment rate by education levels 2003-2022
% of labour force




Figure 32
Actual working hours 2003-2022
Average hours a week




Figure 33
Actual working hours - Women - 2003-2022
Average hours a week






Figure 34
Actual working hours - Men - 2003-2022
Average hours a week





Hagtíðindi Vinnumarkaður

Statistical Series *Labour market*

108 árg. ♦ 1. tbl. 2 mars 2023

ISSN 1670-4770 Umsjón Supervision

Ólafur Már Sigurðsson ♦ olafur.sigurdsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is ♦ www.statice.is

Sími Telephone +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.